

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 26/2023

2023/EES/75/26

frá 3. febrúar 2023

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/466 frá 17. nóvember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna á sviði tekna og lífskjara að því er varðar heilbrigði og lífsgæði <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18qn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2052) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qo. **32021 R 0466**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/466 frá 17. nóvember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna á sviði tekna og lífskjara að því er varðar heilbrigði og lífsgæði (Stjtið. ESB L 96, 19.3.2021, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/466, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 19.3.2021, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.